

7. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1979. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

21. febrúar 1978.

Nr. 110.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 81 8. mars 1973 um Vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar þ. e. mati mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0.40% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningastofn fasteignaskatts. Upphæð vatnsskatts skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 000.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem vatn er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

- a. Vatnsnot í steypu til iðnaðar kr. 20.00 fyrir 100 kg. af sementsnotkun.
- b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 20 000.00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 8.00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d. Fyrir vatnsnotkun við sildarsöltun skal greiða kr. 20.00 á hverja uppsaltaða tunnu sildar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum.
- e. Fyrir sjósaltaða sild sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 10.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- f. Fyrir vatnsnotkun við sildarbræðslu og aðra mjöl- og lýsisframleiðslu skal greiða kr. 100.00 fyrir hvert innvegið tonn af hráefni.
- f. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 100.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
- g. Greiðsla fyrir vatn til skipa og báta í Raufarhöfn skal vera kr. 60.00 fyrir hvern rúmmetra. Lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 500.00 og annarra skipa kr. 1 000.00 þó skulu fiskiskip sem gerð eru út frá Raufarhöfn, ekki greiða fyrir vatn.
- h. Greiðsla fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, jafnframt er úr gildi felld 1. gr. reglugerðar nr. 357 17. júlí 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um akstur almenningsvagna frá biðstöð.

1. gr.

Heimilt er að auðkenna almenningsvagna, sem aka á áætlunarleiðum í þéttbýli, að aftan með tákmynd, sem lítur þannig út:



Tákmyndin skal vera tvílit, rauð og græn (örin), 48 cm á hæð og 25,5 cm á breidd. Hún skal fest á afturrúðu bifreiðar, vinstra megin.

2. gr.

Lögreglustjóri, þar sem bifreið er skráð, ákveður, hvaða almenningsvagna má auðkenna samkvæmt 1. grein.

3. gr.

Ökumaður, sem í þéttbýli nálgast merкта biðstöð, þar sem almenningsvagn, auðkenndur samkv. 1. gr., hefur numið staðar, skal, ef ökumaður almenningsvagnsins hefur gefið merki um, að hann ætli að aka af stað, draga úr ökuhraða og, ef nauðsyn krefur, nema staðar, þannig að almenningsvagninn eigi greiða leið út í umferðina.

Ákvæði þetta leysir ökumann almenningsvagnsins þó eigi undan því að sýna ýrtruðu varúð til að koma í veg fyrir hættu.

4. gr.

Með þéttbýli er í reglugerð þessari átt við svæði, þar sem leyfður hámarks hraði er 50 km á klst. eða minni.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 48 17. maí 1977, öðlast gildi 1. apríl 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. febrúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.